Reikningur

yfir tekjur og gjöld Thorkillii barnaskólasjóðs 1896.

Tekjur:	kr. a.	kr. a.
1. Eptirstöðvar við árslok 1895:		
a. Innritunarskírteini, Litr. A. fol. 87	28500 00	
b. Skuldabrjef	38522 55	
c. Ógoldnir vextir frá 1894	28 00	
d. Ógoldnir vextir frá 1895	28 00	
e. Í landsbankanum	555 26	
f. Í peningum	669 55	68303 36
2. Vextir:		
a. Af innritunarskírteini, Litr. A. fol. 87 frá 11/6 '95 til 11/6 '96	997 50	
b. Af skuldabrjefum frá 11/6 '95 til 11/6 '96	1408 91	
c. Dagvextir frá 11/6 '95 til 11/3 '96 af 900 kr., kr. 27,00		
—— — 11/6 '96 — 3/7 '96 af 1000 kr., — 2,44	29 44	
d. Af bankainnlögum 31/12 '96	58 15	2494 00
3. Endurborguð lán og afborganir		2008 33
4. Samkvæmt úrskurði landshöfðingja á athugasemdum við reikning sjóðsins fyrir 1893		40 00
5. Til jafnaðar færist gjaldliður 2		1800 00
		74645 69

Gjöld:		
1. Styrkur veittur til uppfósturs og fræðslu fátækum börnum í hinu forna Kjalarnesþingi		2420 00
2. Lánað út		1800 00
3. Til jafnaðar færist tekjuliður 3.		2008 33
4. Eptirstöðvar við árslok 1896:		
a. Innritunarskírteini, Litr. A. fol. 87	28500 00	
b. Skuldabrjef	38314 22	
c. Ógoldnir vextir frá 1894 28 kr.		
d. Ógoldnir vextir frá 1895 28 —		
e. Ógoldnir vextir frá 1896 54 —	110 00	
f. Í landsbankanum 31/12 '96	1312 16	
g. I peningum	180 98	68417 36
		74645 69

Stiptsyfirvöld Íslands, Reykjavik, 18. jan. 1897.

J. Havsteen. *Hallgr. Sveinsson.*

Embættaskipan.

23. janúar var *cand. theol. Geir Stefáni Sæmundssyni* af landshöfðingja veitt *Hjaltastaðarprestakall* í Norðurmúlaprófastsdæmi, samkvæmt kosning safnaðanna, frá fardögum 1897 að telja.

S. d. var *prestaskólakandidat Bjarna Simonarsyni* af landshöfðingja veitt *Brjánslækjarprestakall* í Barðastrandarprófastsdæmi, samkvæmt kosning safnaðanna, frá fardögum 1897 að telja.